

Náttúrubingó

Mannkynið og aðrar lífverur eiga allt sitt undir náttúrunni og eru háðar henni um fæðu og búsvæði, vatn og loft.

Ein forsenda þess að fólk virði náttúruna, verndi hana og taki skynsamlegar ákvarðanir varðandi nýtingu hennar, er að það kynnist náttúrunni og átti sig á mikilvægi hennar.

Til þess að kynnast náttúrunni er mikilvægt að upplifa hana með því að dvelja í henni, njóta hennar og umgangast hana af virðingu. Ýmsar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að umgengni við náttúruna bæti bæði andlega og líkamlega heilsu. Það er því mikilvægt að njóta náttúru landsins, bæði í heimabyggð og á fjarlægari svæðum.

Farið út í nærumhverfi skólans, reynið að fara á svokölluð græn svæði, á grænum svæðum má finna meiri náttúru en t.d við umferðargötu.

Merkið inn á BINGÓ spjaldið, þegar þú hefur fyllt alla reitina ertu komin/nn með BINGÓ!

Góða skemmtun



NÁTTÚRU BINGÓ

Ég sá fugl



Heiti:

Hvar:

Finndu hluti í
nærumhverfinu
sem byrja á

L _____

A _____

N _____

D _____

Finndu vistkerfi
(skógur, skólalóð,
lækur, dalur)
Hvaða lífverur þrífast
í þessu vistkerfi?

Horfðu í kringum þig
skoðaðu litina í
umhverfinu þínu
hvaða liti sérð þú?

Hvernig líður þér?

Fáðu þér sæti á
góðum stað, einbeittu
þér að önduninni
þinni, reyndu að
dýpka hana og hægja
á henni í nokkrar
mínútur

Finndu tré, taktu 6
skref frá trénu og svo
3 skref til hægri,
snúðu þér svo hálfan
hring
Hvað sérðu fyrir
framan þig?

Fjara, gras eða jafnvel
lækur?
Farðu úr skóm og
sokkum og gangtu
um svæðið.
Hvernig var
tilfinningin?

Finndu eitt rusl í
náttúrunni. Utan um
hvaða hlut eru þessar
umbúðir?

Hvað heldur þú að
þetta rusl sé lengi að
eyðast í náttúrunni?

Teiknaðu litla mynd
af einhverju sem þú
sérð

Mismunandi form
geta birst okkur í
náttúrunni, hvaða
form sérð þú?

Hlustaðu á hljóð sem
berast í umhverfinu.
Hvaða hljóð heyrðir
þú?

Búðu til
mynd/listaverk með
efnivið úr náttúrunni.

Gerðu tvö góðverk,
eitt fyrir umhverfið og
annað fyrir lífveru.
Hvaða góðverk gerðir
þú?

Horfðu í kringum þig,
finndu 4 lýsingarorð
sem eiga við það sem
þú sérð

- 1.
- 2.
- 3.
- 4.

Lokaðu augunum og
einbeittu þér að því
að finna lykt, hvaða
lykt finnur þú?